

REGLUGERÐ

um þjónustuveitendur hóp fjármögnunar fyrir fyrirtæki.

1. gr.

Innleiðing.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1988 frá 12. júlí 2022 um framlengingu á umbreytingartímabilinu til að veita áfram hóp fjármögnunarþjónustu í samræmi við landslög eins og um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 gildir hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 51/2026, um þjónustuveitendur hóp fjármögnunar fyrir fyrirtæki, öðlast gildi 1. ágúst 2026.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. júlí 2026.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Steinar Örn Steinarsson.

Fylgiskjal.**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1988****2024/EES/34/22****frá 12. júlí 2022****um framlengingu á umbreytingartímabilinu til að veita áfram hóp fjármögnunarþjónustu í samræmi við
landslög eins og um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 frá 7. október 2020 um evrópska þjónustuveitendur hóp fjármögnunar fyrir fyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 og tilskipun (ESB) 2019/1937 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 48. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skv. 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 er þjónustuveitendum hóp fjármögnunar sem hafa hlotið starfsleyfi fyrir 10. nóvember 2021 heimilt að halda áfram að bjóða hóp fjármögnunarþjónustu í samræmi við viðkomandi landslög fram til 10. nóvember 2022. Þetta umbreytingartímabil var innleitt til að veita starfandi þjónustuveitendum hóp fjármögnunar nægilegan tíma til að aðlagja atvinnustarfsemi sína að nýjum lagareglum og nægilegan tíma til að sækja um starfsleyfi samkvæmt þeim og gefa lögbærum yfirvöldum tíma til að afla nægjanlegra upplýsinga og tekna til að tryggja umbreytingu án þess að trufla markað.
- 2) Í ákvæðum 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 er þess krafist að framkvæmdastjórnin leggi mat á beitingu reglugerðar (ESB) 2020/1503 á þjónustuveitendur hóp fjármögnunar sem veita hóp fjármögnunarþjónustu eingöngu innanlands og áhrif þeirrar reglugerðar á þróun landsbundinna hóp fjármögnunarmarkaða og á aðgang að fjármögnun. Á grundvelli þessa mats getur framkvæmdastjórnin framlengt umbreytingartímabilið sem um getur í 1. mgr. 48. gr. þeirrar reglugerðar einu sinni um tólf mánuði.
- 3) Í kjölfar mats framkvæmdastjórnarinnar, sem tók mið af tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni frá 19. maí 2022, komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að framlenging umbreytingartímabilsins um tólf mánuði sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir raskanir á stórum innlendum hóp fjármögnunarmörkuðum. Röskunin yrði af völdum vangetu tiltekinna lögbærra yfirvalda til að ljúka málsmeðferð við leyfisveitingar fyrir 10. nóvember 2022 og vegna vangetu hóp fjármögnunarvettvanga sem starfa samkvæmt landslögum til að aðlagja sig tímanlega að heildstæðari ramma.
- 4) Vegna mikillar hættu á röskun á markaði þykir því rétt að framlengja umbreytingartímabilið sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 um tólf mánuði til 10. nóvember 2023, til að gefa hóp fjármögnunarvettvöngum sem starfa samkvæmt landslögum og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að laga sig að nýju fyrirkomulagi.
- 5) Til að hægt sé að framlengja fyrirliggjandi umbreytingartímabil áður en það rennur út eða eins fljótt og hægt er eftir að það rennur út ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst og eigi síðar en 11. nóvember 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 347, 20.10.2020, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umbreytingartímabilið sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 er framlengt til 10. nóvember 2023.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 11. nóvember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

B-deild – Útgáfudagur: 17. júlí 2026